

Þriðjudaginn 20. janúar 1998.

Nr. 12/1998.

**Kristín Björk Axelsdóttir**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**tollstjóranum í Reykjavík**

(enginn)

Kærumál. Fjárnám. Skattar. Fyrning.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997, þar sem staðfest var sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 8. júlí 1997, að fjárnámsgerð varnaraðila á hendur sóknaraðila yrði fram haldið. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík verði felld úr gildi. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Svo sem getur í hinum kærða úrskurði, barst sýslumanninum í Reykjavík 4. mars 1993 beiðni varnaraðila um fjárnám hjá sóknaraðila vegna tryggingagjalds frá árinu 1992. Sóknaraðili fékk lög-mæta boðun til fjárnámsgerðarinnar, en kom ekki. Var fjárnám gert fyrir kröfunni 1. apríl sama árs í hluta fasteignarinnar nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, en það féll niður síðar af ástæðum, sem greinir í úrskurði héraðsdóms. Verður fallist á með varnaraðila, að þessi beiðni og framgangur gerðarinnar hafi slitið fyrningu kröfu hans um tryggingagjald.

Krafa varnaraðila um virðisaukaskatt á rætur að rekja til endur-ákvörðunar gjalda sóknaraðila frá árinu 1991 með álagningu 25. janúar 1994. Þegar af þeirri ástæðu var krafan ekki fyrnd, þegar beiðni varnaraðila um fjárnám barst sýslumanni.

Að þessu virtu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

## D ó m s o r ð:

Úrskurður héraðsdóms er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997.**

## I.

Mál þetta, sem þingfest var 14. júlí 1997, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. nóvember 1997.

Sóknaraðili er Kristín Björk Axelsdóttir, kt. 110644-4189, Laufásvegi 17, Reykjavík.

Varnaraðili er tollstjórinn í Reykjavík, kt. 650269-7649, Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að felld verði úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 8. júlí 1997, að aðfarargerðinni nr. 11/1997/02669, sem hófst 25. júní 1997, skuli fram haldið hjá sóknaraðila fyrir kröfum varnaraðila samkvæmt aðfararbeiðni, dags. 27. janúar 1997. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 8. júlí sl., að fjárnámsgerð nr. 11/1997/02669 á hendur sóknaraðila til tryggingar kröfu varnaraðila, að höfuðstól 478.761 kr., auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar verði fram haldið. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

## II.

Mál þetta er rekið á grundvelli 14. kafla aðfararlaga nr. 90/1989 til úrlausnar um ágreining, sem varð við framkvæmd aðfarargerðar.

Hinn 25. júní 1997 var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Reykjavík að Skógarhlíð 6 í Reykjavík aðfarargerð nr. 11/1997/02669 á grundvelli fjárnámsbeiðni, sem barst sýslumanni 28. janúar 1997. Gerðarbeiðandi var varnaraðili máls þessa og gerðarþoli sóknaraðili málsins. Samkvæmt endurriti úr gerðabók af gerð þessari, krafðist gerðarbeiðandi fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 834.821 kr., sem sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	478.761
Dráttarvextir reiknaðir til 27. 1. 1997	–	322.660
Kostnaður	–	25.200
Aðfarargjald í ríkissjóð	–	8.200

auk áfallandi dráttarvaxta til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Í greiðslustöðuyfirliti gerðarbeiðanda kemur fram, að höfuðstóll kröfunnar sundurliðast í skuld vegna tryggingagjalds í staðgreiðslu vegna ársins 1991, 235.010 kr., og virðisaukaskattsskuld frá tímabili 91–40, 243.752 kr.

Lögmaður gerðarþola var viðstaddur fyrirtöku aðfarargerðarinnar. Hann kvað kröfu gerðarbeiðanda fyrnda og mótmælti því, að gerðin næði fram að ganga. Þá taldi lögmaðurinn kröfuna vanreifða, þar sem tvö fjárnám hefðu þegar verið gerð vegna tryggingagjalds, annars vegar í fasteigninni Laufásvegi 17 og hins vegar í bifreiðinni IO-527. Ekkert komi fram í skjölum málsins, hver hafi orðið afdrif þeirra eigna, sem fjárnám var gert í. Um virðisaukaskattinn tók lögmaðurinn fram, að ekki kæmi annað fram í gögnum málsins en að hann hefði verið lagður á árið 1991 og krafan því fyrnd. Í endurritinu kemur fram, að lögfræðingur gerðarbeiðanda hafi þá lagt fram greiðslustöðuyfirlit, þar sem fram komi, að virðisaukaskatturinn hafi verið á lagður árið 1994, og haldið því fram, að krafan væri ófyrnd. Þá taldi hann, að fjárnám vegna tryggingagjalds hefðu verið gerð árin 1993 og 1994 og fyrningu þar með slitlið. Aftur á móti veiti þau fjárnám ekki lengur tryggingu, svo að hægt sé að ganga að veðunum. Ákveðið var að fresta gerðinni til 1. júlí 1997.

Gerðinni var fram haldið 1. júlí 1997, og tilkynnti fulltrúi sýslumanns þá ákvörðun sína um, að gerðinni yrði fram haldið, þar sem ekki yrði séð, að kröfurnar væru fyrndar. Lögmaður gerðarþola lýsti þá yfir, að hann myndi skjóta þeirri ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms. Með vísan til 1. mgr. 86. gr., sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1989, var ákveðið að fresta gerðinni, þar til úrlausn héraðsdómara lægi fyrir.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 10. júní 1997, krafðist gerðarþoli úrlausnar dómsins, og var málið þingfest 14. júlí 1997.

### III.

Sóknaraðili heldur því fram, að kröfur varnaraðila samkvæmt aðfararbeiðni séu fyrndar. Hann vísar því á bug, að fyrning vegna tryggingagjalds frá árinu 1992 hafi verið rofin með fjárnámum í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Laufásvegi 17 og í bifreiðinni IO-527. Þá mótmælir hann því einnig, að umræddur virðisaukaskattur hafi verið á lagður árið 1994.

Sóknaraðili kveður ofangreind fjárnám hafa verið gerð 1. apríl 1993 í fasteigninni og 15. mars 1994 í bifreiðinni. Engar upplýsingar sé að finna í þeim gögnum, sem varnaraðili lagði fram, hver hefðu orðið afdrif fjárnámsandlaganna, en sóknaraðila sé þó kunnugt um, að umrædd fasteign hafi verið seld á nauðungaruppboði 4. febrúar 1993. Samkvæmt því hafi fjárnámið verið gert í eign annars manns og því með öllu marklaust gagnvart sóknaraðila og hafi engin réttaráhrif. Um slit fyrningar hafi því ekki verið að ræða

skv. 52. gr. laga nr. 90/1989. Sóknaraðili kveður það meginreglu, að fjárnám, sem ekki fái fullnustu við nauðungarsölu, falli brott, og því hafi aldrei komið til álita, að varnaraðili fengi einhverja fullnustu með þessu fjárnámi. Sóknaraðili vísar í þessu sambandi til 2. mgr. 56. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og 4. mgr. 39. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Einnig er því fram haldið, að fjárnámið sem slíkt hafi fyrnst með kröfunni, þar sem ekkert frekar hafi verið aðhafst um kröfuna á grundvelli fjárnámsins, eftir að það var gert.

Ekkert hafi heldur verið aðhafst um kröfuna, eftir að fjárnám var gert í bifreiðinni IO-527 fyrir tryggingagjaldinu 15. mars 1994. Samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989 falli fjárnám sjálfkrafa niður að liðnu ári, frá því að það var gert, ef krafa um nauðungarsölu hefur ekki borist frá gerðarbeiðanda innan þess tíma. Slíkt hafi ekki gerst, og sé því ljóst, að aðfararveðið sé allt fallið úr gildi og þar með öll réttaráhrif þess. Krafan, sem fjárnámið átti að tryggja, hafi því haldið áfram að fyrnast frá árinu 1992 og fyrnst árið 1996.

Sóknaraðili bendir enn fremur á, að varnaraðili hafi þurft að hefjast handa um frekara fjárnám innan sex mánaða, frá því að fyrra fjárnám féll niður, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905, til þess að rof fyrningar héldist.

Sóknaraðili kveður virðisaukaskatt þann, sem krafist sé fjárnáms fyrir, vera frá árinu 1991. Skattur þessi fyrnist á fjórum árum eins og önnur opinber gjöld. Sóknaraðili kveður ófullnægjandi gögn hafa verið lögð fram hjá sýslumanni til stuðnings því, að virðisaukaskatturinn hafi verið á lagður árið 1994, og telur, að sýslumaður hefði átt að hafna kröfu varnaraðila um fjárnám vegna vanreifunar.

Sóknaraðili telur, að þótt einhver breyting hafi verið gerð á virðisaukaskattsálagningunni árið 1994 vegna ársins 1991, geti það ekki haft í för með sér slit á fyrningu kröfunnar, þar sem upphaf fyrningarfrests verði að miða við upphaflegan gjalddaga kröfunnar, sem hafi verið 5. desember 1991.

Sóknaraðili telur því allar kröfur varnaraðila samkvæmt fjárnámsbeiðninni fyrndar og að sýslumanni hafi borið að hafna kröfu varnaraðila um fjárnám.

#### IV.

Varnaraðili kveður höfuðstól kröfunnar annars vegar vera skuld vegna vangoldins tryggingagjalds, upphaflega að fjárhæð 235.010 kr., sem lagt hafi verið á sóknaraðila af skattstjóranum í Reykjavík 23. júlí 1992, og hins vegar skuld, að höfuðstól 243.751 kr., vegna virðisaukaskatts, sem lagður hafi verið á 25. janúar 1994 vegna tímabilsins sept.-okt. 1991.

Varnaraðili telur kröfuna ekki vera fyrnda. Tryggingagjaldið hafi verið lagt á 23. júlí 1992 í samræmi við 12. gr. laga nr. 113/1990. Varnaraðili hafi krafist fjárnáms fyrir þessari skuld með aðfararbeiðni, dags. 2. mars 1993, sem borist hafi sýslumanni 4. mars 1993. Sóknaraðila hafi verið send boðun til fjárnámsgerðar og hún verið birt þáverandi eiginmanni hennar á heimili þeirra. Sóknaraðili hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að koma til gerðarinnar og upplýsa um eignastöðu sína. Samkvæmt útskrift úr fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins hafi sóknaraðili verið skráður eigandi hluta fasteignarinnar Laufásvegur 17 og fjárnám verið gert í eigninni 1. apríl 1993. Varnaraðili hafi verið í góðri trú, er hann benti á eignina til fjárnáms. Uppboðsafsali til nýs eiganda hafi ekki verið gefið út fyrr en 11. janúar 1994 og varnaraðili þinglýstur eigandi þangað til.

Pegar í ljós hafi komið, að sóknaraðili væri ekki lengur eigandi fasteignarinnar, hefði verið krafist endurupptöku fjárnámsins með beiðni 7. janúar 1994, sem sýslumanni hafi borist 12. janúar 1994. Enn að nýju hafi boðun verið birt á heimili sóknaraðila, en hún ekki komið til gerðarinnar. Að ábendingu varnaraðila hafi verið gert fjárnám 15. mars 1994 í bifreiðinni IO-527, GMV, árgerð 1983, sem þá hafi verið í eigu sóknaraðila. Bifreið þessi hafi hins vegar verið seld á nauðungaruppboði 16. apríl 1994 og ekkert fengist greitt af uppboðsandvirðinu upp í kröfu varnaraðila.

Varnaraðili kveður umrædda skattakröfu fyrnast á fjórum árum skv. 3. gr. laga um fyrningu nr. 14/1905. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 90/1989 verði fyrningu slitið með því að senda sýslumanni aðfararbeiðni, sem fram er haldið án ástæðulauss dráttar. Engin frekari skilyrði séu sett í ákvæðinu, og skipti ekki máli, hvort fullnusta kröfunnar náist með því að ganga að þessu aðfararveði.

Varnaraðili telur tilvísun sóknaraðila til 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989 ekki eiga við rök að styðjast, þar sem ákvæðið snúi einvörðungu að aðfararveðinu sjálfu, en komi fyrningu kröfunnar ekkert við.

Fjárnámsbeiðnir þær, sem bárust sýslumanni 4. mars 1993 og 12. janúar 1994, hafi hvor um sig rofið fyrningu kröfunnar, og hafi hún því verið ófyrnd, þegar krafist hafi verið fjárnáms að nýju með beiðni, sem barst sýslumanni 28. janúar 1997.

Varnaraðili telur 1. mgr. 11. gr. laga nr. 14/1905 aðeins eiga við um fyrningarrof með stefnu, og sé augljóslega óheimilt að beita ákvæðinu með löggiöfnun um aðfarargerðir í andstöðu við skýrt og afdráttarlaust ákvæði 52. gr. laga nr. 90/1989.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að vangreiddur virðisaukaskattur, sem krafist sé fjárnáms fyrir, hafi verið lagður á 25. janúar 1994 í sam-

ræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988. Þetta komi fram í útskrift úr tekjubókhaldi ríkisins, sem lögð hafi verið fram við aðfarargerðina, og tilkynningu frá skattstjóranum í Reykjavík, þar sem fram komi, að virðisaukaskattur fyrir tímabilið sept.–okt. 1991 hafi verið hækkaður um samtals 292.501 kr., þar af álag skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, 48.750 kr. Höfuðstóll virðisaukaskattsskuldur vegna tímabilsins hafi því verið 243.751 kr. Af þessu sjáist, að fjárnámskrafa varnaraðila vegna virðisaukaskatts sé öll til komin árið 1994, enda þótt hún sé vegna eldra tímabils. Krafa þessi hafi fyrst orðið gjaldkræf við álagningu 25. janúar 1994 og fyrningartími hennar þá byrjað að líða.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa skilað inn virðisaukaskattsskýrslu vegna tímabilsins sept.–okt. 1991 á gjalddaga 5. desember 1991. Hafi varnaraðili þá greitt virðisaukaskatt, að fjárhæð 33.471 kr. Þar sem virðisaukaskatturinn hafi verið greiddur í samræmi við skýrsluna, hafi engin skuld myndast í tekjubókhaldinu vegna tímabilsins. Eftir að samanburðarblað virðisaukaskatts vegna rekstrar varnaraðila árið 1991 barst skattstjóra 6. janúar 1994, hafi álagning virðisaukaskatts verið leiðrétt í samræmi við samanburðarblaðið. Nemi höfuðstóll skuldur varnaraðila þeim mismun, sem var á upp gefnum virðisaukaskatti samkvæmt hinni röngu virðisaukaskattsskýrslu, sem skilað var 5. desember 1991, og samanburðarblaðinu. Þar sem sóknaraðili hafi ekki sent skattstjóra gögn til að ákvarða fjárhæð kröfunnar á réttum tíma, eins og lesa megi út úr bréfi skattstjóra frá 25. janúar 1994, sé ekki unnt að miða upphaf fyrningar við fyrra tímamark en það, þegar fyrir lá, hver yrði fjárhæð kröfunnar, sbr. 7. gr. laga nr. 14/1905. Þar sem krafa um greiðslu virðisaukaskatts fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905, sé krafan ófyrnd.

Varnaraðili telur sig hafa gert nægilega grein fyrir kröfu sinni við aðfarargerðina, sem hófst 25. júní 1997. Lagt hafi verið fram greiðslustöðuyfirlit, þar sem fram komi skuldastaða varnaraðila á þeim degi, sem aðfararbeiðnin var undirrituð. Enn fremur hafi verið lögð fram útskrift úr tekjubókhaldi ríkisins, þar sem fram komi, hvenær virðisaukaskattskrafan stofnaðist, og endurrit fjárnáma, sem slitu fyrningu tryggingagjaldskröfunnar. Varnaraðili telur lög um aðför ekki gera ráð fyrir sönnunarfærslu umfram þetta fyrir sýslumanni, og hafi því ekki verið rétt að hafna kröfu varnaraðila sökum vanreifunar.

## V.

### *Niðurstaða.*

Sóknaraðili var frá 1. júní 1991 á skrá ríkisskattstjóra yfir virðisaukaskattsskylda aðila vegna einstaklingsfyrirtækis síns, Gæðakaupa, heildversl-

unar, en rekstrinum var hætt 30. október 1992. Með aðilum er ekki ágreiningur um álagningu eða útreikning þeirra opinberu gjalda, sem beiðni um aðför er grundvölluð á.

Enda þótt skýrleika þeirra gagna, sem úr tölvukerfi varnaraðila koma, sé nokkuð ábótavant, verður fallist á rök varnaraðila fyrir því, að hann hafi gert nægjanlega grein fyrir kröfu sinni við aðfarargerðina og sýslumanni ekki verið rétt að hafna kröfu um aðför sökum vanreifunar.

Um tryggingagjald.

Gjalddaga tryggingagjalds ársins 1991, sem var 23. júlí 1992, hefur ekki verið mótmælt af sóknaraðila, og miðast upphaf fyrningarfrests við þann dag. Fyrningarfrestur á kröfunni er fjögur ár, sbr. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Varnaraðili sendi sýslumanninum í Reykjavík beiðni um aðför vegna kröfu um greiðslu tryggingagjalds vegna ársins 1991, og barst beiðnin 4. mars 1993. Fram er komið, að er fjárnám var gert fyrir kröfunni 1. apríl 1993 í fasteigninni Laufásvegi 17 í Reykjavík, hafði eignarhluti varnaraðila verið seldur á nauðungaruppboði, sem fram fór 4. febrúar 1993. Ekki varð því árangur af þessari fjárnámsgerð, og með hliðsjón af eignarráðum varnaraðila yfir fasteigninni á þeim tíma, sem fjárnámið var gert, þykir eftir atvikum óvarlegt að líta svo, að framgangur gerðarinnar hafi verið með þeim hætti, að viðtaka aðfararbeiðninnar hafi slitið fyrningu kröfunnar.

Sýslumaðurinn í Reykjavík tók við nýrri aðfararbeiðni frá varnaraðila 12. janúar 1994, og var í beiðninni óskað eftir, að fyrri fjárnám yrði endurupptekið. Krafan var þá enn ófyrnd. Gerðarþola var send lögmet boðun, og á grundvelli aðfararbeiðninnar var gert fjárnám 15. mars 1994 í bifreiðinni IO-527, sem þá var í eigu sóknaraðila. Enda þótt bifreið þessi hafi verið seld á nauðungaruppboði 16. apríl 1994 og ekkert fengist upp í kröfu varnaraðila, telst fyrningu á aðfararkröfu varnaraðila hafa verið slitið með viðtöku aðfararbeiðninnar 12. janúar 1994 og fjárnámi því, sem fylgdi í kjölfarið, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989. Hófst þá nýr fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar.

Fallast má á rök varnaraðila fyrir því, að 1. mgr. 11. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905 verði ekki beitt um aðfararbeiðnir. Einnig verður fallist á rök hans fyrir því, að niðurfall fjárnáms í lausafé að liðnu ári, frá því að það var gert, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 90/1989, taki aðeins til aðfararveðsins, en ekki kröfunnar sjálfrar.

Krafa varnaraðila vegna tryggingagjalds ársins 1991 var því ófyrnd, þegar aðfararbeiðni varnaraðila barst sýslumanninum í Reykjavík 28. janúar 1997, en þá var fyrningu kröfunnar slitið öðru sinni. Verður því ekki fallist á

þá málsástæðu sóknaraðila, að krafa varnaraðila sé fallin niður fyrir fyrningu.

Um virðisaukaskatt.

Fyrir liggur, að sóknaraðili skilaði virðisaukaskattsskýrslu 5. desember 1991 vegna tímabilsins sept.–okt. 1991, þ. e. á réttum gjalddaga. Jafnframt greiddi hann þá virðisaukaskatt, 33.471 kr., sem var mismunur á uppgefnum útskatti og innskatti tímabilsins, og stofnaðist því engin skuld við ríkissjóð. Samkvæmt gögnum málsins var leiðréttingu á samanburðarblaði virðisaukaskatts vegna rekstrar sóknaraðila árið 1991 skilað til skattstjórans í Reykjavík 6. janúar 1994. Samkvæmt samanburðarblaðinu var munur á útskatti og innskatti tímabilsins sept.–okt. 1991 277.222 kr. og vangreiddur virðisaukaskattur varnaraðila samkvæmt því 243.751 kr., sem er höfuðstóll þeirrar virðisaukaskattskröfu, sem aðfarar er krafist fyrir.

Á fyrrnefndu samanburðarblaði voru leiðréttingar gerðar vegna annarra tímabila ársins 1991. Hefur varnaraðili gert fullnægjandi grein fyrir því, hvernig með þær leiðréttingar var farið, og er ekki ágreiningur um þetta atriði.

Skattstjórinn í Reykjavík sendi sóknaraðila í kjölfarið tilkynningu, dagsetta 25. janúar 1994, þess efnis, að „til samræmis við innsenda virðisaukaskattsskýrslu, samanburðarblað virðisaukaskatts eða bréf yðar hefur virðisaukaskatti/álagi yðar fyrir neðangreint tímabil verið breytt“. Nam hækkunin samtals 292.501 kr., en þar af var álag hækkað um 48.750 kr. Fram kom, að fjárhæðin væri þegar fallin í gjalddaga og að kæra frestaði ekki greiðsluskyldu.

Fallast má á með varnaraðila, að þar sem sóknaraðili hafði þegar skilað inn virðisaukaskattsskýrslu vegna tímabilsins sept.–okt. 1991 á réttum gjalddaga virðisaukaskatts og greitt skuld samkvæmt henni, hafi skattstjóri ekki haft ástæðu til eða tók á að leggja á endanlegan virðisaukaskatt vegna þessa tímabils, fyrr en leiðrétting á hinni röngu virðisaukaskattsskýrslu hafði borist honum. Krafan gat því ekki orðið gjaldkræf fyrr, og þykir rétt að miða upphaf fyrningarfrests við álagningardag, 25. janúar 1994. Krafa þessi fyrnist á fjórum árum og var því ófyrnd, þegar aðfararbeiðni vegna hennar barst sýslumanninum í Reykjavík 27. janúar 1997.

Þar sem kröfur varnaraðila eru ófyrndar og tölulegur ágreiningur ekki með aðilum um útreikning þeirra, ber að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 8. júlí sl. í aðfararmálinu nr. 11/1997/02669, að fjárnámsgerð á hendur sóknaraðila til tryggingar kröfu varnaraðila, að höfuðstól 478.761 kr., auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar verði fram haldið.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 8. júlí sl. í aðfararmálinu nr. 11/1997/02669, að fjárnámsgerð á hendur sóknaraðila, Kristínu Björk Axelsdóttur, til tryggingar kröfu varnaraðila, tollstjórans í Reykjavík, að höfuðstól 478.761 kr., auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar verði fram haldið.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 60.000 krónur í málskostnað.

---